

OFBELDISVARNARNEFND

Ár 2021, mánudagur, 15. febrúar var haldinn 43. fundur ofbeldisvarnarnefndar. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 14.00. Viðstödd var Heiða Björg Hilmisdóttir. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti með fjarfundabúnaði með vísan til heimilda í auglýsingu nr. 230/2020 um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skv. VI. bráðabirgðarákvæðis sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011: Diljá Ámundadóttir Zoëga og Ísól Björk Karlsdóttir. Anna Kristinsdóttir ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á þjónustu og lífinu í Kvennaathvarfinu. R21020139
 - Kl. 14:10 tekur Ragnhildur Alda Vilhjálmsdóttir sæti á fundinum með fjarfundabúnaði.
2. Fram fer kynning á rannsóknunum: Staða erlendra kvenna í dvöl í Kvennaathvarfinu og Hvað segir mamma? Börn af erlendum uppruna í Kvennaathvarfinu. R21020139

Drífa Jónasdóttir verkefnastýra Kvennaathvarfsins, tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.
3. Fram fer kynning á þjónustu við mæður og börn í Kvennaathvarfinu. R21020139

Bergdís Ýr Guðmundsdóttir, félagsráðgjafi og verkefnisstýra barnastarfs Kvennaathvarfsins tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

 - Kl. 15:15 tekur Halla Bergþóra Björnsdóttir sæti á fundinum með fjarfundarbúnaði.
4. Fram fer kynning á tölfræði ársins í Kvennaathvarfinu 2020 og starfinu framundan. R21020139

Ofbeldisvarnarnefnd leggur fram svohljóðandi bókun:

Ofbeldisvarnarnefnd þakkar fyrir gagnlegar og góðar kynningar frá Kvennaathvarfinu. Þjónustan er mjög mikilvæg fyrir Reykvískar konur og sannarlega fyrir þau börn sem búa þar í mislangan tíma. Á sama tíma og Kvennaathvarið veitir mikilvægu þjónustu er það einskonar þekkingarmiðstöð um heimilisofbeldi og áhrif þess á líðan og líf þolenda ofbeldis. Reykjavíkurborg er í samstarfi við Kvennaathvarf, heilsugæsluna og lögreglu um viðbrögð við ofbeldi í gegnum verklagið „Saman gegn ofbeldi“. Það hefur skilað miklu en það er engu að síður ljóst að við verðum að skerpa verklag varðandi ofbeldi gegn börnum. Það þarf að innleiða „Opinskátt um ofbeldi“ í öllum hverfum borgarinnar og það þarf að tryggja skipulögð viðbrögð í öllum leik- og grunnskólum og frístundaheimilum, skapist grunur um vanrækslu eða ofbeldi. Covid hefur verið einskonar vitundarvakning um heimilisofbeldi og ofbeldisvarnefnd mun fylgja því eftir að við stöndum með þolendum ofbeldis. Við munum kalla eftir innleiðingaráætlun fyrir „Opinskátt um ofbeldi“, skoða samstarfsfleti félagsþjónustu og barnaþjónustu athvarfsins og möguleika á húsnaði fyrst úrræði fyrir þolendur ofbeldis. Við viljum einnig kalla eftir niðurstöðum skimunar heilsugæslunnar fyrir ofbeldi og samskiptaleiðum milli bráðamóttöku og barnaverndar og félagsþjónustu.

Sigprúður Guðmundsdóttir, framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins, tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

Fundi slitið kl. 15:40

Heiða Björg Hilmisdóttir